

Aðalfundur Suðurlandsveggar 1-3 ehf.

Fundargerð

Aðalfundur Suðurlandsveggar 1-3 ehf. haldinn 9. júní 2016, kl. 15:00 í fundarsal í kjallara Suðurlandsveggar 1-3 á Hellu.

Fyrir fundinum lá eftirfarandi dagskrá skv. 13. gr. samþykka félagsins:

1. Skýrsla stjórnar vegna ársins 2015
2. Ársreikningur 2015 lagður fram til samþykktar
3. Kjör stjórnar og endurskoðenda
4. Ráðstöfun hagnaðar/taps reikningsársins
5. Ákvörðun um laun stjórnar
6. Önnur mál
 - a. Tilaga að breytingu á 6. gr. samþykka félagsins – sjá meðfylgjandi
 - b. Nýframkvæmdir og viðhald fasteignarinnar, staða og framtíðarhorfur

Hulda Karlsdóttir stjórnarformaður bauð fundarmenn velkomna og setti fundinn. Stjórnarformaður lagði fram tillögu um þröst Sigurðsson sem fundarstjóra og Ágúst Sigurðsson sem fundarritara og var það samþykkt.

Kannað var með mætingu á aðalfund fyrir hönd hluthafa. Mættir voru fulltrúar fyrir hönd Lífeyrissjóðs Rangæinga (11,5%), Verkalýðsfélags Suðurlands (16,2%) og Rangárþings ytra (69,0%). Fulltrúar FIT (3,3%) höfðu boðað forföll. Ekki voru gerðar athugasemdir við fundarboðun og telst fundurinn því löglegur. Að svo búnu var gengið til boðaðrar dagskrár.

1. Skýrsla stjórnar vegna ársins 2015

Hulda Karlsdóttir stjórnarformaður flutti skýrslu stjórnar vegna starfsársins 2015.

2. Ársreikningur 2015 lagður fram til samþykktar

Klara Viðarsdóttir aðalbókari kynnti ársreikninginn. Eignir félagsins, fastafjármunir og veltufjármunir voru við síðustu áramót kr.701.426.349 en um 685 milljónir liggja í fasteign félagsins við Suðurlandsveg 1-3 á Hellu. Heildarskuldir félagsins við áramót voru u.þ.b.348 milljónir, þar af voru skammtímaskuldir um 94 milljónir.

Tap varð á rekstri félagsins á árinu 2015 og nam hann um 22 milljónum. Eigið fé alls að teknu tilliti til taps ársins nam um 354 milljónum.

Á árinu fór fram samruni félagsins og Verkalýðshússins ehf. Verkalýðshúsið ehf. átti fyrir samrunann 31,0% eignarhlut í félaginu að nafnverði 139.383.766 kr., en við samrunann eignuðust hluthafar í Verkalýðshúsinu ehf. eignarhluti í Suðurlandsvegi 1-3 ehf. að nafnverði 139.383.766 kr. og félagið eignaðist eigin hluti að sömu fjárhæð. Eftir samrunann var hlutafé félagsins lækkað í 449.748.333 kr. vegna eigin hluta.

Að svo búnu gaf fundarstjóri orðið laust um skýrslu stjórnar og ársreikning fyrir árið 2015. Enginn kvaddi sér hljóðs.

Ársreikningur var borinn upp til samþykktar og samþykktur samhljóða.

PM GRP
AI BS. An.

3. Kjör stjórnar og endurskoðanda

Eftirfarandi tillögur lágu fyrir um stjórn:

Fyrir Lífeyrissjóð Rangæinga, Verkalýðsfélag Suðurlands og FIT: Aðalmenn verði Guðrún Elín Pálsdóttir og Þröstur Sigurðsson og varamenn Pétur Magnússon og Ólafía Bjarnheiður Ásbjörnsdóttir.

Fyrir Rangárþing ytra: Aðalmenn verði Hulda Karlsdóttir, Yngvi Karl Jónsson og Ágúst Sigurðsson og varamenn Haraldur Eiríksson, Gunnar Aron Ólason og Sindri Snær Bjarnason.

Tillagan borin upp og samþykkt samhljóða.

Tillaga um endurskoðanda:

Tillaga um að Auðunn Guðjónsson hjá KPMG sjái um endurskoðun félagsins.

Samþykkt samhljóða.

4. Ráðstöfun hagnaðar/taps reikningsársins

Tillaga um að tap ársins komi til lækkunar á eigin fé félagsins.

Samþykkt samhljóða.

5. Ákvörðun um laun stjórnar

Tillaga um að stjórnarlaun fylgi nefndarlaunum sveitarfélagsins Rangárþings ytra skv. sérstökum reglum sem gilda þar um.


Samþykkt samhljóða.

6. Önnur mál

a. Tillaga að breytingu á 6. gr. samþykpta félagsins.

Stjórn Suðurlandsvegar 1-3 ehf. leggur til við aðalfund félagsins sem haldinn er þann 9. júní 2016 að fundurinn samþykki breytingar á 6. gr. samþykpta félagsins. Við 6. gr. komi ný málsgrein, sem verði þriðja málsgrein 6. gr. Málsgreinin hljóði svo:

„Aðalfundur Suðurlandsvegar 1-3 ehf. hefur heimilað stjórn félagsins að auka hlutafé án samþykkis hluthafafundar. Stjórninni er heimilt að gefa út hlutafé allt að nafnverði 142 milljónir króna. Stjórn skal heimilt að gefa hið nýja hlutafé út við eftirfarandi aðstæður. Annarsvegar á grundvelli „Samkomulags fjármögnunar framkvæmda á Suðurlandsvegi 1-3 til loka ársins 2018“, en undir samkomulagið var ritað hinn 4. apríl 2016. Hinsvegar má stjórn nýta heimildina komi til þess að samþykkt verði að einn hluthafa, Rangárþing ytra, muni skipta á kröfum sínum að fjárhæð 61 milljón króna, og hlutafé. Komi til þess að framangreindri skuld verði breytt í hlutafé er gert ráð fyrir að aðrir hluthafar auki hlutafé í félaginu til að eignarhlutföll haldist óbreytt. Heimild þessa má nýta í áföngum, meðal annars



vegna framkvæmda á árunum 2015 – 2018. Heimilt skal að greiða fyrir hið nýja hlutafé með skuldajöfnun krafna.“

Greinargerð með tillögu til aðalfundar Suðurlandsvegar 1-3 ehf.:

Stjórn félagsins leggur til að hún fái heimild til að auka hlutafé félagsins við vissar aðstæður. Ástæða þess er að það er einfaldara í framkvæmd, að auka hlutafé með þessum hætti, í stað þess að leggja slíka tillögu fyrir aðalfund ár hvert. Fyrir liggur rammisamkomulag milli hluthafanna, um að þeir muni á næstu þremur árum fjármagna nauðsynlegar framkvæmdir með hlutafjárframlögum, þ.e. á árunum 2016-2018. Þó hefur einn hluthafa, Rangárþing ytra, þegar á árinu 2015 greitt hluta af sínu framlagi og er það fært til bókar sem skuld, en eyrnamerkt sem fyrirfram greitt hlutafé. Þá er ljóst að til greina kemur að Rangárþing ytra muni breyta öðrum kröfum sínum í hlutafé og nær umrædd heimild sem stjórn óskar eftir, til þess að ganga frá slíkri aukningu, verði sú ákvörðun tekin. Komi til þess að framangreindri skuld verði breytt í hlutafé er gert ráð fyrir að aðrir hluthafar taki einnig þátt í þeirri aukningu og kaupi nýtt hlutafé þannig að eignarhlutföll milli hluthafa félagsins breytist ekki. Verði tillagan samþykkt mun heimild stjórnar verða færð inn í 6. gr. samþykka félagsins. Komi stjórn til með að nýta heimildina, að hluta eða í heild, hefur hún á grundvelli laga nr. 138/1994, um einkahlutafélög, heimild til að breyta samþykktum í hvert sinn sem aukning hlutafjár fer fram, þó einungis að því er varðar hlutafjártölu 4. gr. samþykktanna.

Tillagan var borin upp og samþykkt samhljóða.

b. Nýframkvæmdir og viðhald fasteignarinnar, staða og framtíðarhorfur

Rætt um áætlanir um nýframkvæmdir og viðhald fasteignarinnar á næstu misserum og árum.

c. Tillaga að breytingu á 1. og 3. gr. samþykka félagsins.

Aðalfundur Suðurlandsvegar 1-3 ehf. leggur til að fundurinn samþykki breytingar á samþykktum félagsins. Í 1. gr. komi „hf“ í stað „ehf“ og 3. gr. orðist svo „Tilgangur félagsins er bygging, eignarhald og rekstur á fasteignum Suðurlandsvegi 1-3 á Hellu, ásamt lánastarfsemi.“

Fleira ekki gert, fundargerð yfirlesin og samþykkt og fundi slitið kl. 16:30.

Þúllga Karlsd.
Anastía Hjundsson
Guðrún Elví Pálsdóttir
Pjetur Magnússon
Ágúst Bjartan

Verkalýðsfélag Suðurlands

Suðurlandsvegi 3,

850 Hellu



**Aðalfundur Suðurlandsvegar 1-3 ehf., haldinn að Suðurlandsvegi 1-3, Hellu,
fimmtudaginn 9. júní 2016.**

UMBOÐ

Það staðfestist hér með að Verkalýðsfélag Suðurlands, kt: 540174-0599, veitir hér með Péttri Magnússyni, kt:101256-4999, heimild til að sækja fyrir sína hönd aðalfund Suðurlandsvegar 1-3 ehf., sem haldinn verður að Suðurlandsvegi 1-3, á Hellu fimmtudaginn 9. júní 2016, og fara með atkvæðisrétt á þeim fundi.

Hellu, 8. júní 2016

Stjórn Verkalýðsfélags Suðurlands

Verkalýðsfélag Suðurlands

Suðurlandsvegi 3

850 Hellu

Sími: 487-5000, Fax: 487-5003

www.vlfs.is, vs@vlfs.is

Guðrun Guðrún Pálsdóttir
Þorbjörn Friðmann
Ólafur Guðfjörðsson
Pétur Magnússon

Lífeyrissjóður Rangæinga

Suðurlandsvegi 3, Hellu

**Aðalfundur Suðurlandsvegar 1-3 ehf., haldinn að Suðurlandsvegi 1-3, Hellu,
fimmtudaginn 9. júní 2016.**

UMBOD

Það staðfestist hér með að Lífeyrissjóður Rangæinga, kt. 660472-0299, veitir hér með Presti Sigurðssyni kt. 250867-4769, heimild til að sækja fyrir sína hönd aðalfund Suðurlandsvegar 1-3 ehf., sem haldinn verður að Suðurlandsvegi 1-3, á Hellu fimmtudaginn 9. júní 2016, og fara með atkvæðisrétt á þeim fundi.

Hellu, 7. júní 2016

Stjórn Lífeyrissjóðs Rangæinga

Guðrun Guðrún Pálsdóttir
Perni Hafþorsson
Ólafur Ólafsson
Ólafur Ólafsson